- *Þau hljóðfæri sem eru til staðar í kennslustofunni.*
- *Spjaldtölvur*

### *iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun*

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Hópkennsla*
- *Einstaklingskennsla*
- *Sýnikennsla*
- *Uppgötvunarnám*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Sýnikennsla*
- *Sjónrænar/Myndrænar útskýringar*

### *iv. Námsmat og námsmatsaðlögun*

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Lykilhæfni: Frammistaða í tímum metin. Námshæfni: Virkni í tímum metin.

# 4. Náttúrugreinar

Viðmið um námshæfni í náttúrugreinum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

| **Efnisþættir:** | **Viðmið um námshæfni í náttúrugreinum** | **Þ** | **L** | **V** |
|---|---|---|---|---|
| *Lífvísindi:* | *Við lok árgangs geti nemandi;* | | | |
| | ● gert grein fyrir hvernig niðurstöður rannsókna hafa haft áhrif á tækni og atvinnulíf í nánasta umhverfi og samfélagi og hvernig þær hafa ekki haft áhrif, | | | x |
| | ● tekið þátt í skipulagi og unnið eftir verk- og tímaáætlun hóps við að hanna umhverfi, hlut eða kerfi, | | x | |
| | ● dregið upp mynd af því hvernig menntun, þjálfun, starfsval og áætlanir um eigið líf tengjast breytingum á umhverfi og tækni. | | | x |
| | ● beitt algengustu hugtökum og heitum í náttúrugreinum unglingastigsins, | | x | |
| | ● framkvæmt og útskýrt sérhannaðar eða eigin athuganir úti og inni, | | x | |
| | ● lesið texta um náttúrufræði sér til gagns, umorðað hann og túlkað myndefni honum tengt, | | | x |
| | ● aflað sér upplýsinga um náttúruvísindi úr heimildum á íslensku og erlendum málum, | | x | |
| | ● beitt vísindalegum vinnubrögðum, s.s. tilraunum og athugunum á gagnrýninn hátt, við öflun upplýsinga innan náttúruvísinda, | | x | |
| | ● kannað áreiðanleika heimilda með því að nota hand- og fræðibækur, Netið og aðrar upplýsingaveitur, | | | x |
| | ● gefið skýringar á og rökrætt valið efni úr athugunum og heimildum, | | | x |
| | ● dregið ályktanir af gögnum og gefið ólíkar skýringar með því að nota ólík sjónarhorn. | | | x |
| | ● skoðað og skráð atburði eða fyrirbæri sem snerta samspil manns og umhverfis, í framhaldi tekið virkan þátt í gagnrýnni umfjöllun um málið og gert tillögur um aðgerðir til bóta, | | | x |
| | ● rætt af skilningi eigin lífssýn og ábyrgð innan samfélags og tekið dæmi úr eigin lífi, | | | x |
| | ● útskýrt hlutverk helstu líffæra og líffærakerfa mannslíkamans, gerðir frumna, líffæri þeirra og starfsemi, | | | |
| | ● útskýrt hvernig einstaklingur getur stuðlað að eigin velferð með ábyrgri neyslu og hegðun, | x | | x |
| | ● útskýrt hvað einkennir lífsskilyrði manna og hvað felst í því að taka ábyrgð á eigin heilsu, | | | |
| | ● útskýrt hvernig fóstur verður til og þroskast, hvað felst í ábyrgri kynhegðun og rætt eigin ábyrgð á líkamlegu og | x | | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| andlegu heilbrigði, bæði sín og annarra, | x | | |

## 4.0 Náttúrufræði

Tímafjöldi: 4 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

### *i. Viðfangsefni í náminu*

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Lífvísindi*
- *Eðlisvísindi*

### *ii. Námsgögn og kennsluefni*

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Mannslíkaminn (Kynlíf, kærleikur og vímuefni).*
- *Eðlisfræði 2 og 3 að hluta.*
- *Lífheimurinn*
- *Hreint haf, rafbók á mms.is.*
- *Vinnublöð, fræðslumyndefni, tilraunaverkefni, verklegir þættir og annað sem styður við umfjöllunarefnið hverju sinni er sett jafnóðum inn á classroom.*

### *iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun*

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Fyrirlestrar*
- *Sköpun*
- *Uppgötvunarnám*
- *Vinnubókarvinna*
- *Umræður og samræður*
- *Tilraunir og skýrslugerð*
- Fræðslumyndefni mikið notað.

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Nemendur með lestrarerfiðleika geta fengið hljóðbæku.r*
- *Nemendur geta fengið að lesa örlestra og fyrirlestra fyrir kennara einan eða skilað ritgerð í stað fyrirlesturs í einhverjum tilvikum.*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

a. Lykilhæfni:

- *Fylgst er með nemendum við vinnu og fyllt inn í gátlista/sóknarkvarða um samvinnu/vinnu við verklegaræfingar.*
- *Samtöl við nemendur um ábyrgð og fleira*

b. Námshæfni:

- *Próf*
- *Afrakstur vinnu*
- *Vnna við verklegar æfingar*
- *Verkefni metin*
- Heimavinna
- Tímavinna

# 5. Samfélagsgreinar

Viðmið um námshæfni í samfélagsgreinum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

| Efnisþættir: | Viðmið um námshæfni í samfélagsgreinum | Þ | L | V |
|---|---|---|---|---|
| *Jafnrétti og lífsleikni:* | *Við lok árgangs geti nemandi:* | | | |
| | • Sýnt ábyrgð, virðingu og reglusemi. | | x | x |
| | • Haft styrk til að mæta kröfum og áskorunum daglegs lífs. | x | | x |
| | • Verið búinn undir líf og starf í lýðræðislegu þjóðfélagi. | x | | x |
| | • Haft skilning á samfélaginu og hlutverki einstaklingsins í því. | x | x | x |
| *Heimspeki, siðfræði og trúarbragða-fræði:* | *Við lok árgangs geti nemandi:* | | | |
| | • Haft þekkingu á sjálfum sér og öðrum. | x | x | x |
| | • Þekkt mismunandi lífsgildi. | x | x | x |
| | • Haft skilning á ólíkum trúarbrögðum í heiminum. | x | x | x |
| *Saga:* | *Við lok árgangs geti nemandi:* | | | |
| | • Þekkt helstu breytingar í sögu Íslands á 20. öldinni. | x | x | |
| | • Þekkt kalda stríðið og áhrifavalda þess. | x | x | x |
| | • Þekkt aðdraganda varnarsamnings við Bandaríkin. | x | x | |
| | • Kannað sögu tækninýjunga og vísinda síðustu hundrað ár sem hafa opnað nýjar leiðir. | x | x | |
| | • Kannað og rætt hvernig ýmis málefni hafa verið bundin stjórnmálaflokkum og önnur ekki. | x | x | x |
| | • Rætt byggðastefnu eftir stríð, árangur og markmið. | x | x | x |
| | • Rætt uppbyggingu velferðarkerfis á Íslandi. | x | x | x |
| | • Þekkt sjálfstæðisbaráttu nýlenduríkja. | x | x | x |
| | • Þekkt deilur í Mið-Austurlöndum. | x | x | |
| | • Þekkt Ísland í nútímanum. | x | x | x |
| *Landafræði:* | *Við lok árgangs geti nemandi:* | | | |
| | • Þekkt sögu og uppbyggingu jarðar. | x | | x |
| | • Notað bauganet jarðar við nákvæma staðsetningu. | x | x | x |
| | • Þekkt á heimskorti nöfn og legu heimsálfa og úthafa. | x | | x |
| | • Þekkt stærstu fjallgarða og mestu fljót jarðar. | x | | x |
| | • Þekkt legu miðbaugs, heimskautsbauga, póla, daglínu og núll lengdarbaugs. | | | |
| | • Þekkt innri gerð jarðar í grófum dráttum. | x | | x |
| | • Skilið í grófum dráttum þróun yfirborðs jarðar í jarðsögunni. | x | | |
| | • Þekkt hvernig veðrun og rof verður af völdum vinda, vatns og | x | x | x |

| | | | |
|---|---|---|---|
| jökla. | | | |
| • Þekkt að greina á milli endurnýjanlegra auðlinda og forða (t.d. jarðefnaeldsneytis). | x | | x |
| • Skilið hvernig vindar verða til. | x | x | x |
| • Þekkt mestu hafstrauma jarðar, orsök þeirra og áhrif á loftslag strandsvæða. | x | | x |
| • Þekkt áhrif semframkvæmdir manna hafa á höfin, t.d. ofveiði og mengun. | x | | x |
| • Skilið að úrkoma orsakast af því að rakt loft rís og kólnar. | x | | x |
| • Þekkt mikilvægi vatnsorku (fallvatna og jarðhita) á Íslandi og hvernig hún er nýtt. | x | | xx |
| • Þekkt borgarmyndun og þróun hennar. | x | | x |
| • Þekkt helstu áherslur í umhverfismálum. | x | | x |

## 5.2. Jafnrétti og lífsleikni

Tímafjöldi: 1 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

### *i. Viðfangsefni í náminu*

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Lífsleikni*
- *Jafnrétti*

### *ii. Námsgögn og kennsluefni*

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Ýmis gögn og fræðsluefni frá Landlækni og SAFT*
- *Örugg saman*
- *SMT - reglur*
- *Að sitja fíl*
- *Efni frá kennara*
- *Bekkjarfundir*
- *Heimildarmyndir*
- *Jafnréttisfræðsla frá Jafnréttisstofu*

### *iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun*

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Innlögn og fyrirlestur*

- *Vinnubókarvinna*
- *Umræður*
- *Verkefni*
- *Sköpun*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Nemendur sem eiga við lestrarörðugleika hafa aðgang að hljóðbók*
- *Nemendur með námsörðuleika fá einstaklingsmiðuð verkefni og námsmat*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

a. Lykilhæfni:

- *Fylgst er með nemendum við vinnu og fyllt inn í gátlista/sóknarkvarða um samvinnu/vinnu við verklegar æfingar*
- *Eftirfylgni við nemendur*
- *Samtöl við nemendur*

b. Námshæfni:

- *Verkefni*
- *Vinna í tímum*
- *Heimavinna*
- *Vinnubók*

## 5.3. Landafræði og saga

Tímafjöldi: 3 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Landafræði*
- *Saga*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Um víða veröld- Jörðin. Höf. Hilmar Egill Sveinbjörnsson*
- *Frelsi og velferð – saga 20. Aldar II*
- *Heimildamyndir*

### *iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun*

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Innlögn og fyrirlestur*
- *Vinnubókarvinna*
- *Umræður*
- *Verkefni*
- *Ritgerð*
- *Kynning*
  *Sköpun*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Nemendur sem eiga við lestrarörðugleika hafa aðgang að hljóðbók*
- *Nemendur með prófkvíða fá lengdan prófkvíða og sérúrræði*
- *Nemendur með námsörðuleika fá einstaklingsmiðuð verkefni og námsmat*
- *Nemendur geta fengið að lesa fyrirlestra / kynningar fyrir kennara einan eða skilað ritgerð í stað fyrirlesturs í einhverjum tilvikum*

### *iv. Námsmat og námsmatsaðlögun*

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

a. Lykilhæfni:

- *Fylgst er með nemendum við vinnu og fyllt inn í gátlista/sóknarkvarða um samvinnu/vinnu við verklegar æfingar*
- *Eftirfylgni við nemendur*
- *Samtöl við nemendur*

b. Námshæfni:

- *Próf*
- *Kynning / ritgerð*
- *Verkefni*
- *Vinna í tímum*
- *Heimavinna*
- *Vinnubók*

# 6. Skólaíþróttir

Viðmið um námshæfni í skólaíþróttum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**a. Viðmið um námshæfni í skólaíþróttum**

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

| **Efnis-þáttur** | **Hæfni-þættir** | **Viðmið um námshæfni í skólaíþróttum fyrir 9. bekk**<br>Við lok árgangs geti nemandi |
|---|---|---|
| | | ● gert æfingar sem reyna á loftháð þol í íþróttum<br>● gert æfingar sem reyna á loftfirt þol í íþróttum<br>● framkvæmt æfingar sem efla kraft, hraða og viðbragð<br>● gert æfingar sem reyna á loftfirt þol í sundi<br>● gert æfingar sem reyna á loftháð þol í sundi |
| **Líkamsvitund, leikni, afkasta-geta** | | ● framkvæmt styrktaræfingar sem reyna á hámarksgetu og úthald í kyrrstöðu og hreyfingu<br>● framkvæmt stöðluð próf til að meta þrek og þol í íþróttum eins og 6 mínúta hlaup<br>● gert æfingar sem reyna á loftháð þol í íþróttum eins og að hlaupa ákveðinn hring um nærumhverfi skólans<br>● gert æfingar sem reyna á loftháð þol í sundi og geti synt 500m með a.m.k. 3 mismunandi sundaðferðum<br>● tekið þátt í stöðluðum tímatökum í 100m bringusundi<br>● tekið þátt í stöðluðum tímatökum í 50m skriðsundi<br>● tekið þátt í stöðluðum tímatökum í 25m baksundi<br>● |
| | | ● geti sýnt leikni og synt 50 m skriðsund<br>● þekkt helstu leikreglur í mismunandi íþróttagreinum sem stundaðar eru hér á landi |

| | | |
|---|---|---|
| | | ● mæti í tilskildum fatnaði í íþrótta- og sundtíma |
| | | ● gert sér grein fyrir mikilvægi heilbrigðs lífernis og hreinlætis |
| | | ● skilið mikilvægi hreinlætis í tengslum við íþróttaiðkun<br>● skilið mikilvægi hreinlætis í tengslum við sundiðkun<br>● iðkað íþróttir og leiki á skólalóð og/eða í nærsamfélagi |

| Efnis-þáttur | Hæfni-þættir | Viðmið um námshæfni í skólaíþróttum fyrir 9. bekk<br>Við lok árgangs geti nemandi |
|---|---|---|
| Félags-legir þættir og samvinna | | ● skilið mikilvægi leikreglna í íþróttum, farið eftir þeim og sýnt háttvísi í leik |
| | | ● skilið mikilvægi þess að fara eftir reglum og fyrirmælum kennarans í íþróttum<br>● skilið mikilvægi þess að fara eftir reglum og fyrirmælum kennarans í sundi |
| | | ● gert sér grein fyrir gildi samvinnu í leik og keppni |

| Efnis-þáttur | Hæfni-þættir | Viðmið um námshæfni í skólaíþróttum fyrir 9. bekk<br>Við lok árgangs geti nemandi |
|---|---|---|
| Öryggi og skipulag | | ● farið eftir umgengnisreglum í íþróttahúsum og fylgt fyrirmælum kennara og starfsmanna |
| | | ● farið eftir öryggis- og umgengnisreglum í sundlaugum og fylgt fyrirmælum kennara og starfsmanna |
| | | ● geti stungið sér af bakka, synt kafsund og troðið marvaða |

**Grunnþættir menntunar í skólaíþróttum**

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í skólaíþróttum:

| Grunnþáttur | Áhersluþættir grunnþátta menntunar<br>Að nemandi |
|---|---|
| HEILBRIGÐI OG VELFERÐ: | ● hreyfi sig alla daga vikunnar.<br>● taki þátt í æfingum og leikjum sér til ánægju ásamt því að efla eigið líkamshreysti.<br>● taki þátt í íþróttum og sundi til að efla félagsleg tengsl og samvinnu við samnemendur.<br>● að nemendur taki ábyrgð á eigin heilsu og skilji mikilvægi svefns, réttrar næringar og daglegrar hreyfingar. |
| JAFNRÉTTI: | ● stundi fjölbreytta hreyfingu s.s. íþróttir, sund eða útivist sem eru án fordóma á skólatíma og í nærsamfélagi. |

| | |
|---|---|
| | ● hafi fengið kynningu á sem flestum íþróttagreinum.<br>● fái tækifæri, óháð kyni, til að njóta styrkleika sinna í íþróttum og sundi og ýta þar með undir jákvæða sjálfsmynd nemenda |
| LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI: | ● fái tækifæri að velja sér æfingu eða leiki sem hann hefur áhuga á og er við hæfi.<br>● hafi tækifæri til að koma með tillögur að æfingum eða leikjum eða hafa áhrif á skipulag kennslu þegar við á.<br>● hafi jafnan rétt á við aðra að stunda hreyfingu í a.m.k. 3 svar í viku í 40 mín. í senn. |
| LÆSI: | ● þekki áhrif þjálfunar á helstu líffæri eins og hjarta og lungu en einnig á vöðva- og taugakerfið.<br>● læri að taka sigri jafnt sem tapi og sýni íþróttamannslega framkomu.<br>● taki þátt í leikjum sem styrkja samvinnu og samskipti nemenda.<br>● þekki og fylgi leikreglum og geti skorið úr ágreiningi ef upp kemur |
| SJÁLFBÆRNI: | ● fái tækifæri til að velja leik eða hreyfingu sem honum finnst áhugaverð og skemmtileg.<br>● hafi jákvæða upplifun af íþróttaiðkun og skilji mikilvægi reglubundinnar hreyfingar.<br>● sé meðvitaður um gildi æfinga og leikja, leggi sig ávallt fram og sé virkur og áhugasamur í íþróttatímum og sundi. |
| SKÖPUN: | ● fái tækifæri til að búa til, útskýra eða hanna reglur eða leik<br>● fái tækifæri til að sjá um upphitun og skipuleggja kennslustund í íþróttum og sundi einn eða í hóp. |

## 6.1. Íþróttir

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**
Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.
Tímafjöldi: Ein 40 mínútna kennslustund að jafnaði á viku yfir skólaárið.

Áhersla er lögð á að nemandi þjálfist og öðlist aukna færni í mismunandi sundaðferðum.

***i. Viðfangsefni í náminu***

- ***Grunnþættir líkams- og hreyfiþroska***
  - *Líkamsstaða og líkamsbeiting, samhæfing, styrkur, þol, hraði, jafnvægi, liðleiki*
- ***Líkams- og heilsurækt***
  - *Styrktaræfingar, stöðvaþjálfun, útihlaup, þrekpróf, þolpróf*
- ***Knattleikir***
  - *Knattspyrna, handknattleikur, körfuknattleikur, blak,*
- ***Spaðaíþróttir***

  - *Badminton, tennis, bandý*
- ***Leikir***
  - *Boltaleikir, hlaupa- og viðbragðsleikir, kraftleikir, leiknileikir, sparkó, samvinnuleikir, ratleikir*
- *:* ***Áhaldafimleikar***
  - *Gólfæfingar, stökk yfir hest / kistu / kubbur, sveiflur í köðlum*
- ***Frjálsíþróttir***
  - *Hlaup, stökk, köst, víðivangshlaup, boðhlaup*
- ***Sértækir námsþættir***
  - *Skólamót í leikjum, íþróttagreinum, frjálsum, sundi, skólaþrekmót, göngu- og hjólaferðir*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst er stuðst við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- ***Áhöld í íþróttasal***
  - ***Minni áhöld****: Boltar, gjarðir, sippubönd, snú-snú bönd, teygjur, léttar dýnur, liðabönd, vesti, mjúkir boltar, badminton flugur og spaðar, bandý boltar og kylfur, combi sett, keilur, skeiðklukkur, málband, spilastokkur, mottur.*
  - ***Stærri áhöld:*** *Kistur, kubbar, hestar, kaðlar, slár, badminton uppistöður, blak uppistöður, mörk, körfur, bekkir, stærri dýnur, stökkbretti, boltagrindur, boltanet.*

- ***Áhöld í skóla og á skólalóð***
  - ***Minni áhöld:*** *Boltar, sippubönd, snú-snú bönd, teygjur, mjúkir boltar, liðabönd, vesti, bandý kylfur.*
  - ***Stærri áhöld:*** *Klifurbrautir, rólur, mörk, gervigrasvöllur, körfuspjöld, yfir veggur.*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla fram á eftirfarandi hátt:

- ***Kennsla í íþróttahúsi***
  - ***Íþróttasalur***
- ***Kennsla utanhúss***
  - ***Skólalóð og nærumhverfi***

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- ***Kennsluaðferðir***
  - *Sýnikennsla, vettvangsferðir, endurtekningaræfingar, námsleikir, stöðvaþjálfun, áfangaþjálfun, stöðugt þjálfunarálag, þrautabrautir, hlutverkaleikir, hermileikir, kannanir, hópvinna.*
  - *I pad og tengd tæki, hljóðkerfi*

## 6.2. Sund

Tímafjöldi: Ein 40 mínútna kennslustund að jafnaði á viku yfir skólaárið.

Áhersla er lögð á að nemandi þjálfist og öðlist aukna færni í mismunandi sundaðferðum.

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í sundi eru:

- Að nemandi auki þekkingu sína og færni í mismunandi sundaðferðum, á æskilegri líkamsstöðu í vatni og líkamsbeitingu. Auk þess bæti samhæfingu, liðleika, þol, kraft, viðbragð og hraða.
- Að nemandi taki þátt og þjálfist í björgunar- og kafsundi ásamt stungum.
- Að nemandi læri að bera virðingu fyrir þörfum og getu samnemanda.
- Að nemandi geri sér grein fyrir mikilvægi öryggis- og umgengnisreglna sundstaða.
- Að nemandi fái tækifæri til að bæta félagsþroska sinn og samskiptahæfni

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- ***Áhöld í sundlaug***
  - *flotbelti, stór bretti, lítil bretti, sundfit, flotholt af ýmsum gerðum, kafhringir, kafhlið, gjarðir, dýnur, boltar, núðlur, björgunardúkka*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- ***Kennsla fer fram í***
  - *Sundhöll Hafnarfjarðar*
  - *Unnið með sundkennsluleiðbeiningar í ákveðinn tíma* til að styðja við nemendur til að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni.
- ***Heimanám (foreldrar)***
  - *Nemendur eru hvattir til að stunda sund utan skólatíma og mæta þannig kröfum námsins.*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- ***Kennsluaðferðir***
  - *Sýnikennsla, endurtekning, leikir, þolþjálfun, þrautabrautir, hópvinna, samvinna, sköpun*
  - *kennslutafla á bakka*

# 7. Stærðfræði

Viðmið um námshæfni í stærðfræði

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

| Efnisþættir: | Viðmið um námshæfni í stærðfræði | Þ | L | V |
|---|---|---|---|---|
| Efnisflokkur I :Að *geta spurt og svarað með stærðfræði* | ***Við lok árgangs geti nemandi:***<br>● Unnið stærðfræðileg verkefni einn eða í hópi þar sem hann þarf að útskýra, túlka og rökstyðja hugsun sína fyrir öðrum með því að beita skapandi hugsun, ígrundun og nota tungumál stærðfræðinnar<br>● Greint milli einstakra tilvika og alhæfinga í stærðfræðilegum útskýringum.<br>● Sett fram, túlkað og gagnrýnt nokkrar gerðir myndrita | x<br>x<br>x | x<br>x<br>x | x<br>x<br>x |
| Efnisflokkur 2: Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar | ***Við lok árgangs geti nemandi:***<br>● Notað hugtök og táknmál stærðfræðinnar til að setja fram, tákna og leysa hversdagsleg og fræðileg vandamál.<br>● Rætt um ólíkar lausnir og nýtt hjálpartæki til stærðfræðilegra verka.<br>● Valið og notað margvísleg verkfæri þar með talin tölvutækni, gert sér grein fyrir möguleikum þeirra og takmörkunum. | x<br>x<br>x | x<br>x<br>x | |
| Efnisflokkur 3: Vinnubrögð og beiting stærðfræð-innar | **Við lok árgangs geti nemandi:**<br>● Unnið í samvinnu við aðra að lausnum stórra og smárra stærðfræðiverkefna og gefið öðrum viðbrögð með markvissum spurningum.<br>● Skrifað texta um eigin vinnu með stærðfræði undirbúið og flutt munnlega kynningu á niðurstöðum sínum.<br>● Tekist á við verkefni út umhverfinu eða samfélaginu þar sem þarf að afla upplýsinga, meta þær og finna lausnir.<br>● Lesið viðeigandi stærðfræðilegan texta og skilið og tekið afstöðu til upplýsinga sem settar eru fram á táknmáli stærðfræðinnar<br>● Tileinkað sér vönduð vinnubrögð við uppsetningu og úrvinnslu dæma. | x<br>x<br>x<br>x<br>x | x<br>x<br>x<br>x<br>x | x<br>x<br>x<br>x<br>x |
| | | | | |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Efnisflokkur 4:<br>Tölur og reikningur | ***Við lok árgangs geti nemandi:***<br>● Unnið með rauntölur og reiknað með ræðum tölum.<br>● Greint samhengi milli talna í ólíkum talnamengjum.<br>● Notað almenn brot, tugabrot og prósentur við útreikninga á daglegum viðfangsefnum.<br>● Reiknað vexti og vaxtavexti.<br>● Nýtt sér samhengi og tengsl reikniaðgerðanna og notað þá þekkingu við útreikninga og mat á þeim.<br>● Unnið með stórar og litlar tölur og breytt þeim á staðalform. Geti beitt margföldun og deilingu við útreikninga talna á staðalformi.<br>● Notað slump og námundun til að segja til um líklega lausn viðfangsefnis.<br>● Haft fullt vald á forgangsröð aðgerða.<br>● Beitt tíma og hraðaútreikningum. | x<br>x<br>x<br>x<br>x<br>x<br>x<br>x<br>x<br>x | x<br>x<br>x<br>x<br>x<br>x<br>x<br>x<br>x<br>x | |
| Efnisflokkur 5:<br>Algebra | ***Við lok árgangs geti nemandi:***<br>● Notað algebru til að tákna samband stærða með formúlum<br>● Rannsakað mynstur og alhæft um þau.<br>● Leyst fyrsta stigs jöfnur með einni óþekktri stærð.<br>● Leyst orðadæmi með því að setja upp og leysa fyrsta stigs jöfnur með einni óþekktri stærð.<br>● Gert skýran greinarmun á jöfnu og stæðu. | x<br>x<br>x<br>x<br>x<br>x<br>x<br>x | x<br>x<br>x<br>x<br>x<br>x<br>x<br>x | |
| Efnisflokkur 6:<br>Rúmfræði og mælingar | **Við lok árgangs geti nemandi:**<br>● Notað undirstöðuhugtök rúmfræðinnar þar með talin hugtök um stærðarhlutföll, einslögun til að teikna og greina rúmfræðilega hluti.<br>● Mælt ummál, flöt og rými og reiknað stærð þeirra og útskýrt hvað felst í mælihugtakinu.<br>● Breytt á milli mælieininga í metrakerfinu og notað mælikvarða.<br>● Mælt og reiknað rúmmál og yfirborðsflatarmál þrístrendinga, ferstrendinga og sívalninga.<br>● Reiknað flatarmál hringgeira og lengd boga.<br>● Breytt um mælieiningar þar sem það á við.<br>● Notað mælikvarða og unnið með hlutföll og einslaga form. | x<br>x<br>x<br>x<br>x<br>x | x<br>x<br>x<br>x<br>x<br>x | |
| Efnisflokkur 7:<br>Tölfræði og líkindi | ***Við lok árgangs geti nemandi***<br>● Kunnað skil á hugtökunum úrtak, tíðni, hlutfallstíðni, tíðnidreifing, meðaltal, miðgildi og tíðasta gildi. | x | x<br>x | x<br>x |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | • Dregið ályktanir af tölfræðilegum gögnum greint villur og metið ályktanir annarra á gagnrýninn hátt.<br>• Aukið færni sína í að meta líkur, bæði fræðilegar líkur og líkur leiddar af tilraunum. | x<br>x<br>x | x<br>x | x<br>x |

Tímafjöldi: 6 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

### *i. Viðfangsefni í náminu*

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru: Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

**Tölur:**
Veldareikningur
Staðalform
Rökfræði og mengi
Reglur og reikningur
Almenn brot
Tugabrot og prósentur
Hlutföll
Ferningstölur - ferningsrót
Tímareikningur
Vegalengd og hraði
Meðalhraði

**Algebra:**
Einfalda stæður
Leysa einfaldar jöfnur
Jöfnur
línuleg föll
empirísk föll

**Rúmfræði:**
Yfirborðsflatarmál og rúmmál
Ferstrendingar
Sívalningar
Þrístrendingar
Hringir og hyrningar

**Tölfræði:**
Líkindi
Úrtak
Háður og óháður atburður í líkindareikningi

### *ii. Námsgögn og kennsluefni*

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Skali 2A*
- *Skali 2B*
- *Almenn stærðfræði II valdar blaðsíður*
- *8-10 bækur, valið efni úr*
- *Valin verkefni af kennara t.d. þrautir*
- *Vasareiknir*
- *Tölvur, spjaldtölvur.*
- *Tölvuforrit s.s. exel*

### *iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun*

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Kennari útskýrir og leiðir umræður frá töflu*
- *Nemandi vinnur einstaklingslega eða í hópum við ákveðin viðfangsefni og kennari gengur á milli og aðstoðar*
- *Nemandi vinni heima til að ljúka við verkefni og til aukinnar þjálfunar*
- Nemandi vinni með öðrum hópverkefni sem metin eru.
- Nemandi vinni markvisst við lausn þrauta
- Nemandi kynni fyrir öðrum niðurstöður sínar úr stærri verkefnum

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Nemandi sem vinnur hraðar fær að vinna á sínum hraða og tekur kannanir reglulega til að athuga stöðu sína*
- Nemandi sem nær ekki hæfniviðmiðunum vinnur verkefni við hæfi í samvinnu við sérkennara.

### *iv. Námsmat og námsmatsaðlögun*

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

a. Lykilhæfni:

- *Nemandi þarf að geta gert munnlega grein fyrir þeirri leið sem hann fer til að fá lausn.*
- *Nemandi vinni í samstarfi við aðra þar sem skapandi framsetning er metin*
- *Nemandi þarf að bera ábyrgð á þrautamöppu, raða rétt í hana og vinna eftir fyrirfram gefnum fyrirmælum*
- *Nemandi ber ábyrgð á vinnu sinni í tímum og heimavinnu*

b. Námshæfni:

- *Nemandi tekur próf úr námsþáttum, hefur a.m.k. tvö tækifæri til þess að bæta sig í hverjum þætti.*

- *Nemandi vinni verkefni sem metin eru til einkunnar*
- *Nemandi taki lokapróf / bætingarpróf úr námsefni annarinnar, þar sem allir námsþættir eru í boði og nemandi geti valið þá þætti sem hann vill bæta sig í.*

## 7.1. Tjáning, tungumál, verkfæri, vinnubrögð og beiting stærðfræði

Tímafjöldi: 6 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

### *i. Viðfangsefni í náminu*

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Unnið stærðfræðileg verkefni einn eða í hópi þar sem hann þarf að útskýra, túlka og rökstyðja hugsun sína fyrir öðrum með því að beita skapandi hugsun, ígrundun og nota tungumál stærðfræðinnar
- Greint milli einstakra tilvika og alhæfinga í stærðfræðilegum útskýringum.
- Sett fram, túlkað og gagnrýnt nokkrar gerðir myndrita
- Notað hugtök og táknmál stærðfræðinnar til að setja fram, tákna og leysa hversdagsleg og fræðileg vandamál.
- Rætt um ólíkar lausnir og nýtt hjálpartæki til stærðfræðilegra verka.
- Valið og notað margvísleg verkfæri þar með talin tölvutækni, gert sér grein fyrir möguleikum þeirra og takmörkunum.

- Unnið í samvinnu við aðra að lausnum stórra og smárra stærðfræðiverkefna og gefið öðrum viðbrögð með markvissum spurningum.
- Skrifað texta um eigin vinnu með stærðfræði undirbúið og flutt munnlega kynningu á niðurstöðum sínum.
- Tekist á við verkefni út umhverfinu eða samfélaginu
- þar sem þarf að afla upplýsinga, meta þær og finna lausnir.
- Lesið viðeigandi stærðfræðilegan texta og skilið og tekið afstöðu til upplýsinga sem settar eru fram á táknmáli stærðfræðinnar
- Tileinkað sér vönduð vinnubrögð við uppsetningu og úrvinnslu dæma.

### *ii. Námsgögn og kennsluefni*

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Skali 2A og 2B
- Valin verkefni þar sem nemandi þarf að rökstyðja lausn sína
- Verkefni þar sem túlka þarf texta yfir á táknmál stærðfræðinnar (lesdæmi)
- Valin hópverkefni

### *iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun*

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Hópverkefni þar sem þarf að kynna og útskýra verkefnið fyrir öðrum*
- *Umræður milli nemenda og milli nemenda og kennara*
- Skriflegur rökstuðningur við lausn viðfangsefna
- Munnlegar kynningar á verkefnum

- *Nemendur þjálfist í að setja viðfangsefnin vel upp og vanda vinnubrögð*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Röðun í hópa sé fjölbreytileg*
- *Hver og einn hafi jafnan rétt til að tjá sig munnlega og skriflega*
- *Aðstæður séu þannig að sem flestir hafi kjark til að tjá sig*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

a. Lykilhæfni:

- *Samvinna*
- Tjáning
- Skapandi framsetning sé metin bæði munnleg og skrifleg.
- Ábyrgð á skilum verkefna

b. Námshæfni:

- *Próf (skrifleg, munnleg og hópþróf) og verkefni*

## 7.2. Tölur, reikningur og algebra

Tímafjöldi: 6 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár)

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Unnið með rauntölur og reiknað með ræðum tölum.
- Greint samhengi milli talna í ólíkum talnamengjum og þekki tákn þeirra : N, Z, Q, R.
- Notað almenn brot, tugabrot og prósentur við útreikninga á daglegum viðfangsefnum.
- Reiknað vexti og vaxtavexti.
- Nýtt sér samhengi og tengsl reikniaðgerðanna og notað þá þekkingu við útreikninga og mat á þeim.
- Unnið með stórar og litlar tölur og breytt þeim á staðalform.
- Geti beitt margföldun og deilingu við útreikninga talna á staðalformi.
- Notað slump og námundun til að segja til um líklega lausn viðfangsefnis.
- Haft fullt vald á forgangsröð aðgerða.
- Kunnað skil á samlagningarandhverfum, margföldunarandhverfum og þekki hlutleysu í samlagningu og margföldun.
- Beitt tíma og hraðaútreikningum og breytt km/klst í m/sek

- Notað algebru til að tákna samband stærða með formúlum
- Geti beitt aðferðum við að reikna og teikna línuleg föll.
- Þáttað einfaldar stæður.
- Margfaldað inn í sviga
- Rannsakað mynstur og alhæft um þau.
- Leyst fyrsta stigs jöfnur með einni óþekktri stærð.
- Leyst orðadæmi með því að setja upp og leysa fyrsta stigs jöfnur með einni óþekktri stærð.
- Gert skýran greinarmun á jöfnu og stæðu.
- Notað víxlreglu, tengireglu og dreifireglu til að einfalda táknasamstæðu.

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Skali 2A og 2B*
- *Spjaldtölvur*
- *Valdar bls. úr Almenn stærðfræði II*
- *Vasareiknir*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Kennari útskýrir og leiðir umræður frá töflu*
- *Nemandi vinnur einstaklingslega eða í hópum við ákveðin viðfangsefni og kennari gengur á milli og aðstoðar*
- *Nemandi vinni heima til að ljúka við verkefni og til aukinnar þjálfunar*
- Nemandi vinni með öðrum hópverkefni sem metin eru.
- Nemandi vinni markvisst við lausn þrauta

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Nemandi sem vinnur hraðar fær að vinna á sínum hraða og tekur kannanir reglulega til að athuga stöðu sína*
- Nemandi sem nær ekki hæfniviðmiðunum vinnur verkefni við hæfi útfrá einstaklingsmiðuðu námsefni í samvinnu við deildarstjóra og/eða sérkennara.

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

a. Lykilhæfni:

- *Nemandi fær metið góðan rökstuðning fyrir lausn sinni*
- *Vönduð vinnubrögð metin*

b. Námshæfni:

- *Kaflapróf , prófað úr námsþáttum kaflanna. Nemandi fær a.m.k. tvö tækifæri til að sýna kunnáttu sína og bæta sig í námsþáttum.*
- *Ýmis aukaverkefni einstaklingslega eða í samvinnu við aðra metin.*

## 7.3. Rúmfræði, mælingar, tölfræði og líkindi

Tímafjöldi: 6 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

### *i. Viðfangsefni í náminu*

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Notað undirstöðuhugtök rúmfræðinnar þar með talin hugtök um stærðarhlutföll, einslögun til að teikna og greina rúmfræðilega hluti.*
- *Mælt ummál flöt og rými og reiknað stærð þeirra og útskýrt hvað felst í mælihugtakinu.*
- *Reiknað flatarmál hringgeira og lengd boga.*
- *Breytt um mælieiningar þar sem það á við.*
- *Notað mælikvarða og unnið með hlutföll og einslaga form.*
- *Kunnað skil á hugtökunum úrtak, tíðni, hlutfallstíðni, tíðnidreifing, meðaltal, miðgildi og tíðasta gildi.*
- *Safnað gögnum, flokkað þau, unnið úr þeim og nýtt sér fjölbreytt myndrit við framsetningu.*
- *Dregið ályktanir af tölfræðilegum gögnum greint villur og metið ályktanir annarra á gagnrýninn hátt.*
- *Aukið færni sína í að meta líkur, bæði fræðilegar líkur og líkur leiddar af tilraunum*
-

### *ii. Námsgögn og kennsluefni*

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Skali 2A og 2B*
- *Almenn stærðfræði II valin dæmi*
- *Valin verkefni frá kennara*
- *Spjaldtölva*
- *Vasareiknir*

### *iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun*

- Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:
- *Kennari útskýrir og leiðir umræður frá töflu*
- *Nemandi vinnur einstaklingslega eða í hópum við ákveðin viðfangsefni og kennari gengur á milli og aðstoðar*
- *Nemandi vinni heima til að ljúka við verkefni og til aukinnar þjálfunar*
- Nemandi vinni með öðrum hópverkefni sem metin eru.

- Nemandi kynni fyrir öðrum niðurstöður sínar úr stærri verkefnum

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Aðlagað námsefni í báðar áttir í samvinnu við sérkennara.*
- *Valin verkefni úr námsefninu.*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

a. Lykilhæfni:

- *Nemandi geti safnað upplýsingum og sett þau upp í myndrit á skapandi hátt.*
- *Nemandi geti túlkað niðurstöður á skapandi og gagnrýnin hátt*
- *Nemandi geti áætlað rými ýmissa algengra hluta*

b. Námshæfni:

- *Skrifleg kaflapróf, prófað úr námsþáttum þar sem nemandi fær a.m.k. tvö tækifæri til þess að sýna kunnáttu sína í þætti.*
  *Skriflegt lokapróf, þar sem allir námsþættir koma fyrir og nemandi fær að velja þá þætti til þess að bæta.*
- *Hópverkefni*

# 8. Valgreinar

Þessi hluti bekkjarnámskrár er háður því að valgreinar séu kenndar í árgangi og á þá fyrst og fremst við 8.-10. bekk. Kynning valgreina hér á eingöngu við þær valgreinar sem kenndar eru af skólanum sjálfum eða skólakerfinu í Hafnarfirði í heild sinni, þ.e. valgreinar utan skóla eru ekki kynntar nema sem almennur þáttur. Þá eru ekki gerð námshæfniviðmið fyrir valgreinar í heild sinni heldur eingöngu lýst þeim námsgreinum sem eru kenndar.

Meginmarkmið valgreina er að færa nemendum möguleika til að nema og læra og viðfangsefni sem þeim bjóðast ekki í skyldunámi en tengjast áhugasviðum þeirra, framtíðarstörfum og öðrum persónulegum þáttum.

**<u>Aðrir skólar / annað nám</u>**

Samkvæmt grunnskólalögum er hægt er að fá  annað nám í viðurkenndum skólum og/eða  æfingar hjá íþróttafélögum metnar sem valgrein, t.d. tónlistarskóli, dansskóli, félagslíf, sjálfboðastarf og íþróttafélög. Nemandi getur að hámarki fengið 4 valtíma skólaársins metna sem annað val. Að hausti þurfa nemendur að skila staðfestingu um annað nám.

**Kvikmyndaval** (80 mín) Birkir Már
Kvikmyndir eru hornsteinn í nútímamenningu og eru fyrirbæri sem flestir geta tengt við. Í áfanganum horfa nemendur á kvikmyndir úr flestum flokkum kvikmynda eins og t.d. Casablanca, Star Wars og Lord of the Rings. Nemendur fá síðan fyrirlestur fyrir og eftir hverja mynd þar sem farið er yfir ákveðið þema, kostnaðaráætlun, skemmtilegar staðreyndir og fleira. Áfanganum verður stýrt í gegnum Classroom þar sem nemendur fá aðgang að glærum, aukaefni ef slíkt á við og geta þar tekið þátt í umræðum um myndina ef þess sé óskað. Námsmat: Ástundun/Þátttaka, Lokið/Ólokið.

**Enska hraðferð fyrir 9.bekk** (2x 40 mín / 80mín alls) Birkir Már
Þetta er undirbúningur fyrir nemendur sem vilja stunda enskunám sem er kennt í 10.bekk og ljúka þannig við skyldunámið í ensku að vori í 9.bekk. Aðeins þeir nemendur sem hafa B, B+ og A í ensku mega velja þessa grein og þurfa enskukennarar að samþykkja að nemandi hafi fullnægjandi hæfni. Þetta er einungis fyrir nemendur sem stefna á framhaldsskólaáfanga þegar þeir eru komnir í 10.bekk. Námsmat: Virkni og frammistaða nemenda í tímum. Leiðsagnarmat og lokamat.

**Franska** (40 mín) Sigrún Erna
Kennd verða undirstöðuatriði í frönsku og frönsk menningar verður sömuleiðis kynnt fyrir nemendum. Kennsluefni eru myndbönd, ljósrit og fleira. Námsmat verður bæði virkni í tímum, leiðsagnarmat og lokamat.

**Fótboltinn** (40 mín) Kristmundur Guðmundsson
Nemendur ræða um og skrifa um ýmis efni sem tengjast enska boltanum.
Hæfniviðmið:

- Að nemandi geti tekið þátt í skoðanaskiptum og fært rök fyrir máli sínu og geti tekið tillit til sjónarmiða viðmælenda.

- Geti tjáð sig skipulega og sagt skoðun sína.
- Geti skrifað samfelldan texta um efni sem hann hefur þekkingu á.
- Námsmat: Virk þátttaka í tímu, styttri og lengri ritunarverkefni

**Stærðfræði hraðferð fyrir 9.bekk** (80mín) Stefán Helgi
Þetta er stærðfræði 9. og 10. bekkjar og kennt á tvöföldum hraða í 9.bekk. Aðeins þeir nemendur sem hafa B, B+ og A í stærðfræði í 8.bekk mega velja þessa grein og þurfa stærðfræðikennarar að samþykkja að nemandi hafi fullnægjandi hæfni. Þetta er hugsað fyrir nemendur sem stefna á framhaldsskólaáfanga þegar þeir eru komnir í 10.bekk.
Námsmat: Reglulegar kannanir og bætingapróf í lok hvorrar annar.

**Víðóskaupið fyrir 10.bekk (40 mín) Kennari óskráður**
Nemendur þurfa að vera ábyrgir og metnaðarfullir og geta unnið sjálfstætt. Farið verður yfir íslenska og erlenda grínþætti í sketsaformi, unnið að upplýsingaöflun, handritagerð, upptöku, klippingu og öðru sem tengist myndbandagerð. Lokaverkefnið er hið árlega Víðóskaup sem sýnt verður á árshátíð unglingadeildar.
Námsmat: Umsögn sem m.a. byggir á virkni og sjálfstæði.

**Fatahönnun** (80 mín) Kristín Högna Garðarsdóttir
Megináhersla er lögð á að nemendur læri að nýta sér þær aðferðir sem notaðar eru til að sníða og sauma einfaldar flíkur af ýmsum gerðum. Læri að vinna með tilbúin snið og tilbúin grunnsnið. Læri að breyta og gera við eldri flíkur. Saumaðar eru t.d. pils, boli, hettupeysu, leggings eða einfaldan kjól. Lögð er megináhersla á að nemendur læri að fylgja verkinu eftir frá hugmynd að fullunnu verki og temji sér vönduð vinnubrögð.
Markmið áfangans er að nemendur læri að:
- þræða og stilla saumavél.
- taka mál og bera þau saman við máltöflur.
- taka upp snið og bera saman við mál.
- gera einfaldar breytingar á sniðum út frá eigin hugmyndum.
- leggja snið á efni og sníða flíkur.
- sauma einfaldar flíkur.

**Python forritun I** (80 mín í sept - jan) **Python forritun II** verður í boði eftir áramót.
Stefán Helgi
Grunnnáfangi þar sem þú lærir almenn atriði í Python 3 forritun. Þú lærir meðal annars um strengi, breytur, skilyrðissetningar og lykkjur.
Þessi áfangi byggir á forritunarkennslu í framhaldsskólum.
Námsmat: Verkefnaskil í google Classroom, símat, sjálfstæði og umgengni.

**Veistu svarið?** (40 mín) Kristmundur Guðmundsson
Þetta val er hugsað fyrir nemendur sem hafa brennandi áhuga á spurningakeppnum. Nemendur þurfa að vera metnaðarfullir og geta unnið sjálfstætt. Nemendur fá m.a. þjálfun og góðan undirbúning fyrir að taka þátt í spurningakeppni grunnskóla.
Námsmat: Umsögn byggir á virkni og sjálfstæði.

**Myndlist** (80mín) Ásta Sigríður Ólafsdóttir
2 stundir á viku
Lögð er áhersla á að vinna verkefni í teikningu, málun og mótun. Í teikningunni á að vinna með mismunandi efni. Í málun verður málað með akríl og vatnslitum á striga og pappír. Í mótun verður unnin skúlptúr úr leir og prófað að nota leirrennibekk. Lögð er áhersla á að nemendur læri að bera ábyrgð á eigin vinnu og temji sér sjálfstæð og öguð vinnubrögð eins og að halda sig innan tímaramma hvers þema, halda verkefnum sínum og gögnum til haga og fara vel með þau efni og áhöld sem notuð eru. Nemendur kynnast mismunandi listamönnum og farið verður út í náttúruna að teikna.
*Námsmat sem liggur til grundvallar:*

- Notað mismunandi efni og aðferðir við eigin sköpun
- Greint hlutföll í teikningum
- Tileinkað sér góða umgengni
- Þekkt ólíkar myndlistarstefnum og listamenn
- Verið sjálfstæð í vinnubrögðum

**Stærðfræði - auka** (40mín) Stefán Helgi Stefánsson
Fyrir nemendur sem vilja bæta stærðfræðikunnáttu sína. Kennslan er einstaklingsmiðuð, þar sem lögð er áhersla á hvern og einn nemenda og þarfir hans. Námsmat verður byggt á virkni og framförum.

**Spilaklúbbur** (80 mín). Sigrún Erna Geirsdóttir
Þetta val er hugsað fyrir nemendur sem hafa mikinn áhuga á því að spila. Við hittumst einu sinni í viku, veljum okkur spennandi borðspil og eigum saman notalega spilastund. Aðaláherslan er á borðspil en einnig verður gripið í hefðbundin spil og þá gjarnan til þess að læra ný spil. Námsmat: Virkni í tímum.

# Lokaorð

Skólanámskrá skólans, á grundvelli aðalnámskrár grunnskóla og viðmiða frá sveitarfélaginu á grunni faglegrar samvinnu í skólakerfi bæjarins, er lykilplagg í skólastarfi þeirra. Í því felst að skólanámskráin nái að lýsa þeim gæðum sem skólar (ætla að) standa fyrir. Það er von bæjaryfirvalda að skólanámskrá hvers skóla nái því að vera gæðahandbók sem stuðli að árangursríkri og ánægjulegri skólagöngu hvers barns í bænum. Við eigum ekki að sætta okkur við neitt minna og það er hlutverk alls skólasamfélagsins að vinna að því. Með ósk um að þessi bekkjarnámskrá, sem einn tíundi af skólanámskrá skólans, stuðli að slíku með samvinnu allra sem að námi nemenda koma.